

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 442/1991.

**Fjárskipti hf.,  
Sigurður Örn Sigurðsson,  
Sigurður H. Garðarsson og  
Guðrún R. Einarsdóttir**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

**Íslandsbanka hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

Útivist. Málsástæður. 45. gr. laga nr. 75/1973.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1991. Áfrýjendurnir Fjárskipti hf., Sigurður Örn Sigurðsson og Sigurður H. Garðarsson krefjast þess, að málskostnaður samkvæmt héraðsdómi verði lækkaður verulega. Áfrýjandinn Guðrún R. Einarsdóttir krafðist þess upphaflega, að kröfu stefnda um viðurkenningu á veðrétti í fasteigninni Háagerði 20 í Reykjavík yrði vísað frá dómi. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist hún til vara sýknu. Áfrýjendur krefjast allir málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var ekki sótt þing af hálfu áfrýjendanna Fjárskipta hf., Sigurðar Arnar Sigurðssonar og Sigurðar H. Garðarssonar, og fellur málið niður fyrir Hæstarétti, að því er þá varðar.

Áfrýjandinn Guðrún R. Einarsdóttir reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að birting stefnu í héraði hafi verið ólögmat, þar sem hún var birt á vinnustað, sem hún hafi aldrei starfað á. Í öðru lagi hafi kröfugerð á hendur henni í stefnunni verið mjög óskýr og óákveðin.

Rangt er það, sem segir í héraðsdómi, að áfrýjendur hafi hvorki sótt né látið sækja þing í héraði. Þing var sótt af hálfu þeirra allra við þingfestingu málsins 18. apríl 1991. Í því þinghaldi fékk stefnandi (stefndi fyrir Hæstarétti) frest til gagnaöflunar, en eftir það var

stefndu (áfrýjendum) veittur tvisvar frestur til að leggja fram greinargerð. Í þinghaldi 13. júní s. á. synjaði stefnandi þeim frekari frests. Í þinghaldi 18. s. m. var ekki mætt af hálfu stefndu, og var málið tekið til dóms að kröfu stefnanda.

Að svo vöxnu máli og gegn mótmælum stefnda eru ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að kröfur áfrýjandans Guðrúnar R. Einarsdóttur fái komist að fyrir Hæstarétti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er hana varðar.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Málið er fellt niður, að því er varðar áfrýjendurna Fjárskipti hf., Sigurð Örn Sigurðsson og Sigurð H. Garðarsson.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjandann Guðrúnu R. Einarsdóttur.

Áfrýjendur greiði stefnda, Íslandsbanka hf., samtals 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. september 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. júní 1991, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. apríl og 10. apríl 1991, af Íslandsbanka hf., kt. 421289-1589, Bankastræti 5, Reykjavík, á hendur Sigurði Erni Sigurðssyni, kt. 110759-3209, Háagerði 20, Reykjavík, en áður til heimilis að Stuðlaseli 5, Reykjavík, fyrir hönd Fjárskipta hf., Skipholti 50C, Reykjavík, kt. 470789-5229, sem framkvæmdastjóra félagsins og persónulega, Sigurði H. Garðarsyni, kt. 150357-2179, Eskiholti 19, Garðabæ, og Guðrúnu R. Einarsdóttur, kt. 090923-3239, Háagerði 20, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 9.056.563,54 ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, af kr. 130.000,00 frá 3. desember 1990 til 31. janúar 1991, af kr. 3.826.132,48 f.þ.d. til 4. febrúar 1991, en af kr. 9.056.563,54 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 7.200,00 í bankakostnað. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi veðréttindi samkvæmt tveimur tryggingarveðbréfum til tryggingar hinni innstefndu fjárhæð eða svo langt sem veðið samkvæmt þeim hrökkvi til, annars vegar veðréttur að fjárhæð kr. 5.000.000,00 auk innheimtukostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ samkvæmt bréfi, út gefnu 18. desember

1990, þar sem fasteignin Háagerði 20, Reykjavík, er veðsett fyrir greindri fjárhæð með 10. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir þá áhvílandi veðlán-um, hins vegar veðréttur að fjárhæð kr. 5.000.000,00 samkvæmt bréfi, út gefnu 11. september 1990, þar sem eignarhluti 0106 fasteignarinnar nr. 18 við Kleifarsel í Reykjavík er veðsettur fyrir greindri fjárhæð með 11. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir þá áhvílandi veðskuldum. Þess er jafnframt krafist að dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstól hans á 12 mánaða fresti.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt þremur víxlum, öllum út gefnum í Reykjavík, tveimur út gefnum af Sigurði Erni Sigurðssyni 11. október 1990, að fjárhæð kr. 130.000,00, og 17. janúar 1991, að fjárhæð kr. 5.230.431,06, og samþykktum af Fjárskiptum hf. til greiðslu í Íslandsbanka hf., Reykjavík, þann 3. desember 1990 og 4. febrúar 1991, – víxlarnir séu framseldir af útgefanda og ábektir af Sigurði H. Garðarssyni, – einum út gefnum af Sigurði H. Garðarssyni þann 16. janúar 1991, að fjárhæð kr. 3.696.132,48, og samþykktum af Fjárskiptum hf., til greiðslu í Íslandsbanka hf., Reykjavík, þann 31. janúar 1991. Víxillinn sé framseldur af útgefanda og ábektur af Sigurði Erni Sigurðssyni. Bæði útgefendur og ábekingar hafa lýst því yfir að afsögn víxlanna væri óþörf. Greiðslufall hafi orðið.

Stefnandi kveður bankann vera eiganda tveggja fasteignaveðtryggingarbréfa, út gefinna til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum Fjárskipta hf. við hann, þ. e. að segja svonefnt allsherjarveð. Annars vegar sé um að ræða bréf, út gefið 11. september 1990, með veði í Kleifarseli 18, Reykjavík, eignarhluta 0106, þinglesinni eign Fjárskipta hf., hins vegar bréf, út gefið 18. desember 1990, með veði í Háagerði 20, Reykjavík, þinglesinni eign Guðrúnar Einarsdóttur.

Um lagarök vísar stefnandi til 47. og 48. gr. víxillaga nr. 93/1933 og ákvæða tryggingarbréfa þeirra, sem að framan er getið, auk almennra reglna íslensks fjármunaréttar. Krafa um greiðslu bankakostnaðar sé byggð á gjaldskrá Íslandsbanka hf., staðfestri af bankaráði hans, með heimild í 21. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1989. Kröfu um virðisaukaskatt byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Því beri sér nauðsyn til að fá skattinn dæmdan úr hendi stefndu.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 650.000,00 og er þar með talinn virðisauka-skattur.

Dóminn kvað upp Sigrún Benediktsdóttir, ftr. yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Fjárskipti hf., Sigurður Örn Sigurðsson og Sigurður H. Garðarsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., kr. 9.056.563,54 með dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987, af 130.000,00 frá 3. desember 1990 til 31. janúar 1991, af kr. 3.826.132,48 f.þ.d. til 4. febrúar 1991, en af kr. 9.056.563,48 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 7.200,00 í bankakostnað og kr. 650.000,00 í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Staðfestur er veðréttur samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum 18. desember 1990, vegna fasteignarinnar Háagerðis 20, Reykjavík, og 11. september 1990, vegna fasteignarinnar nr. 18 við Kleifarsel, eignarhluta 0106, fyrir hinni tildæmdu fjárhæð eða svo langt sem veðið samkvæmt þeim hrekkur til.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---